



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

símafundur 11. október 2010 kl. 10.00

Mættir; Íva, Rósa, Davíð, Margrét, Ási og Sandra.

Íva býður fundarmenn velkomna, Sandra ritar fundargerð. Davíð fer yfir dagskránna

Fundarefni:

Heimasíða www.south.is

- samantekt verkefnisstjóra / Jónas – Jónas hefur skilað vinnuskýrslu vegna south.is
- breytt útlit – tengja betur facebook síðuna við South.is, útlitið breytist einnig ef farið er í að selja auglýsingar.
- sala auglýsinga – selja augl. á 35 þús á mánuði, Davíð sendi kynningarflyer með hugmynd að auglýsingaplássi á síðunni.
Jónas til í að taka að sér að selja augl. Fyrir 15%. Mikilvægt að síðan sé sjálfbær. Skoða upphæðina á augl. í samstarfi við Jónas.
- Davíð skoðar betur online leik í samstarfi við Jónas. Nýta samstarfsaðila MSS til að gefa vinninga.

Borðkort

- tilboð frá Ólafi Valssyni – grunnur kostar 35 þús vsk. Allt sem sett er inn aukalega líkt og gönguleiðir þarf að greiða fyrir sérstaklega.
- uppsetning og útlit – prentun kostar í kringum 500 þús á 70 þús. eintökum. Halda útlitinu einföldu, ekki of margar myndir á kortið í einu.
- Kostunaraðilar - hægt að selja augl á ca 100 þús., pláss fyrir ca 5 augl.

Kynning á Inspection og FAM-ferðum

- Styrkur að upphæð 1 milljón fékkst frá Íslandsstofu til að nýta í FAM ferðir.
- Dagskrá – fjórar til fimm ferðir áætlaðar í október og nóvember.
- Höfða meira til innlendra ferðaskrifstofa með inspection ferðum eftir áramótin.

Umsókn til Vaxtasamnings Suðurlands

- kynning á verkefninu og samstarfsaðilum – verið að búa til nýja vöru fyrir veturinn. Sterkir samstarfsaðilar eins og Háskólafélag Suðurlands, Háskólasetrið á Hornafirði, Vatnajökulspjódgarður t.d. Ekki telja upp fyrirtæki sérstaklega, þau fyrirtæki sem eru í MSS eiga sjálfkrafa aðgang að þátttöku.
- framlag MSS – samþykkt að MSS leggi til 1 milljón í mótframlag.

Önnur mál

- Fókusinn okkar er á þá sem eru að borga fyrir að vera með í tengslum við FAM ferðirnar.
- APS er að fara með kynningu á stað á stoðkerfinu á næstu vikum. Samstarfsaðilar eru VSS, APS, MSS, Háskólafélagið og klasarnir á hverju svæði. Er til þess ætlað að auka líkur á endurnýjun samninga sveitarfélaganna við MSS. Sveitarfélögin eru mikið að halda að sér höndum og því mikilvægt að heimsækja sveitarstjórnarfólk og kynna þeim hvað er verið að gera.
- Íva og Davíð ganga frá húsaleigusamningi við Háskólafélagið.
- Halda opna fundi t.d. eftir áramót til að kynna MSS.

Fundi slitið kl. 10:55